

Fréttatilkynning

Reykjavík, 15. ágúst 2023

Erling Freyr Guðmundsson til liðs við framkvæmdastjórn atNorth

Reynslumikill stjórnandi með mikla innviðabekkingu styrkir stjórnendateymið í ört vaxandi umsvifum atNorth

Gagnavers- og ofurtölvufyrirtækið **atNorth** hefur fengið öflugan liðsstyrk í Erling Freyr Guðmundssyni, sem hefur verið ráðinn í starf framkvæmdastjóra rekstrar (e. *Chief Operations Officer*).

Ráðning Erlings er liður í þeirri vegferð **atNorth** að styrkja enn frekar stjórnendateymi félagsins. Eftirspurn eftir þjónustu **atNorth** hefur aukist hratt á undanförunum árum, enda stuðlar þjónustan að hagkvæmni í rekstri og aukinni sjálfbærni hjá þeim sem færa rekstur sinna tölvukerfa og gagnavistun til **atNorth**. Fyrirtækið hefur brugðist við aukinni eftirspurn með stækkun gagnavera sinna og byggingu nýrra hér og erlendis, auk þess sem **atNorth** keypti tvö finnsk gagnaver í upphafi árs og er að reisa það þriðja.

“Erling Freyr Guðmundsson er reynslubolti í fjarskiptainnviðum og við fögnum því að fá hann í okkar hóp,” segir Eyjólfur Magnús Kristinsson, forstjóri **atNorth**. *“Erling býr yfir tæknilegri sérþekkingu og mikilli rekstrarreynslu, þar sem góð þjónusta við viðskiptavinum hefur verið í forgrunni. Það fellur vel að gildum og vaxtaráætlunum atNorth, nú þegar umsvifin eru að vaxa hratt.”*

Erling hefur starfað við uppbyggingu og rekstur ljósleiðarakerfa og tengdrar þjónustu í 25 ár, bæði á Íslandi og erlendis. Hann var framkvæmdastjóri Ljósleiðarans frá ársbyrjun 2015 og stýrði þar miklum vexti félagsins. Áður stýrði Erling fjarskipta- og tæknisviði fjölmiðlafyrirtækisins 365 og var einn stofnenda Industria, sem vann að nýsköpun fyrir sjónvarps- og fjarskiptamarkaðinn.

“Það er spennandi að ganga til liðs við atNorth og taka þátt í þeirri spennandi vegferð sem félagið er á,” segir Erling. *„Aukin eftirspurn eftir þjónustu atNorth skýrist m.a. af aukinni notkun gervigreindar, sem reiðir sig á öflugum tæknilega innviði auk þess sem krafan um sjálfbæran rekstur er mikilvæg. Að því leyti er samkeppnisstaða atNorth sterk, vaxtartækifærin eru mörg og eigendur félagsins eru afar metnaðarfullir. Það er ánægjulegt að fá að taka þátt í vegferðinni sem félagið er á,”* segir hann.

Um atNorth:



atNorth hefur frá 2009 verið brautryðjandi í hönnun, byggingu og rekstri hátæknigagnavera á Íslandi, Svíþjóð og Finnlandi. Meðal viðskiptavina **atNorth** eru alþjóðleg fyrirtæki og stofnanir sem starfa í fjölmörgum greinum, svo sem við rannsóknir, í heilbrigðisgeiranum, í genarannsóknum, við framleiðslu, í fjármálaíðnaði og veðurfræði sem nýta þjónustur **atNorth** til þess að vinna gögn með hámarks afköstum á hagkvæman og umhverfisvænan hátt. Með staðsetningu gagnavera **atNorth** á Norðurlöndunum hefur fyrirtækið nýtt á snjallan hátt umhverfisaðstæður svo sem loftslag og nýtingu hita sem myndast í gagnaverunum til að ná fram betri orkunýtingu en þekkist annars staðar við rekstur gagnavera ásamt því að knýja gagnaverin með endurnýjanlegri orku. **atNorth** hannar gagnaver sín með hringrásarhagkerfið að leiðarljósi sem byggir á grunni endurnýjanlegrar orku og hagkvæmri orkunýtingu. Frekari upplýsingar um atNorth má finna á heimasíðu fyrirtækisins atnorth.com, einnig er hægt að fylgja **atNorth** á [Linkedin](#).

Nánari upplýsingar veitir:

Bylgja Pálsdóttir

í síma **894 9659**

bylgja.palsdottir@atnorth.com